

**Nd.**

**665. Nefndarálit**

[217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta, sem útbýtt var í Ed. 21. marz, gerir ráð fyrir nokkurri hækkun á framlögum ríkissjóðs samkvæmt 5., 26. og 41. greinum l. nr. 48/1957. Á þessari hækkun er auðvitað hin brýnasta nauðsyn vegna þeirra stórfelldu hækkana, sem orðið hafa á öllum kostnaði við framkvæmdir á s. l. ári. Frv. er því til bóta, þótt það verði að harma, að ríkisstjórnin skuli ekki treystast til að auka framlögin meira en raun ber vitni.

Það verður ekki komizt hjá að minna á það, að snemma á þessu þingi bar 5. þm. Norðurlands vestra ásamt fleiri þm. Framsóknarflokksins fram frv. til laga um breyt. á þessum sömu lögum. Það frv. var tekið til 1. umr. í Nd. 3. nóv. s. l. og vísað til landbúnaðarnefndar.

Í því frv. var gert ráð fyrir breytingum á nákvæmlega sömu greinum laganna og frv. það, sem hér er til meðferðar, gerir. Aðeins var í frv. framsóknarmanna gert ráð fyrir meiri hækkunum á framlögum ríkissjóðs, en að öðru leyti eru frumvörpin næstum samhljóða. Frv. framsóknarmanna fékkst hins vegar ekki afgreitt í landbúnaðarnefnd, og loks skilaði minni hluti nefndarinnar álitum þ. 6. febr., en meiri hlutinn hefur engu álitum skilað enn.

Það verður að telja hin óvenjulegustu vinnubrögð, að svo skuli á seinustu dögum þingsins útbýtt nýju frv. frá ríkisstjórninni, sem fjallar um nákvæmlega sama efni, en gengur skemmra. Eðlilegra hefði verið að láta frv. framsóknarmanna sæta venjulegri meðferð, og hefði ríkisstjórnin þá getað gert við það breytingartillögur, ef hún vildi hafa framlagsaukninguna minni.

Af greinargerð þessa frv. er það þegar ljóst, að þær hækkunir á framlögum, sem gert er ráð fyrir, nægja ekki til þess, að sú fjárhagsaðstoð, sem lögin veita, haldist hlutfallslega óbreytt frá því sem var, áður en verðhækkunirnar komu til, og þar sem ekki hefur á það reynt, hvort hv. Alþingi gæti fallizt á að hækka framlögin meira, eins og gert er ráð fyrir í frv. framsóknarmanna, þykir einsýnt, að gera beri breytingartillögur við frv. til frekari hækkunar á framlögum.

Undirritaður mælir því með samþykkt frv. með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Í stað „minnst 6.5 milljónir“ komi: minnst 7.5 milljónir.
2. Við 3. gr. Í stað „6.0 milljónir“ komi: 7.5 milljónir.

Alþingi, 25. marz 1961.

Helgi Bergs.